



Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

Mars 2006

Efnisyfirlit

<i>Markmið</i>	3
<i>1. Inngangur</i>	3
1.1 Samstarfsaðilar	4
<i>2. Samvinna við heimilin</i>	4
<i>3. Samstarf við aðila sem vinna að málefnum barna og unglunga</i>	5
3.1 PMT.....	6
3.2 Forvarnarfulltrúi	6
3.3 Vinnuskóli Hafnarfjarðar	6
3.4 Lögregla.....	6
3.5 Félagsþjónusta Hafnarfjarðar	7
3.6 Kirkjan	7
<i>4. Gegn einelti og andfélagslegri hegðun - Olweusaráætlunin</i>	7
<i>5. Nemendur</i>	8
<i>6. Félagslíf nemenda – félagsmiðstöðin Aldan</i>	9
<i>7. Samstarf innan skólans</i>	9
7.1 Nemendaverndarráð	9
7.2 Viðbrögð við áföllum.....	9
7.3 Nemendur sem verða fyrir einelti.....	10
7.4 Frímínútnagæsla.....	10
7.5 Hjúkrunarfræðingur.....	10
7.6 Sálfræðiþjónusta.....	10
7.7 Námsráðgjöf.....	10
7.8 Sérkennsla.....	10
7.9 Viðbrögð við grun um fíkniefnanotkun	11
<i>8. Reglakerfi skólans</i>	11
<i>9. Nám og fræðsla</i>	12
9.1 Maritافرæðsla.....	12
9.2 Kynfræðsla.....	12
9.3 Lífsleiknikennsla.....	12

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

Stefna Öldutúnsskóla í forvörnum er í samvinnu við foreldra að stuðla að alhliða heilbrigði nemenda sinna með fræðslu og umræðum. Forvarnir eru breitt svið sem tengist velferð nemenda svo sem líðan, sjálfsmynd, námsárangri, skólasókn, samskiptum og áhugamálum. Markmið forvarnaráætlunar skólans er að stuðla að góðri líðan nemenda og gera þá að sterkum einstaklingum.

Okkur kemur það við

Ef við verðum vör við fíkniefnaneyslu, ofbeldi, einelti eða lögbroteinvers eða einhverra, þá gerum við ráðstafanir og látum viðeigandi aðila vita.

Virðum reglur

Setjum sjálfsagðar reglur um hegðun og framkomu og fylgjum þeim eftir. Virðum útivistarreglur.

Jákvæð viðhorf

Njótum lífsins, gleðjumst saman, leitum lausna, gerum skynsamleg lífsviðhorf að sjálfsögðum hlut. Verum óspör á hrós.

Stöndum saman

Skiptumst á upplýsingum. Tölum saman, tökum strax á málum, höldum fundi, notum símann, skrifum bréf.

Agi er styrkur, góður agi leiðir til sjálfsaga

Fíkniefni – nei takk

Virðum hvert annað

Stundum verðug viðfangsefni

Markmið

- Nemendur meti sjálfstætt eigin lífsgildi og lífsstíl og læri að standast utanaðkomandi þrýsting.
- Efla samskiptahæfni nemenda og að þeir læri að leysa ágreining með friðsamlegum hætti.
- Byggja upp einstaklinga sem velja að taka ákvarðanir um heilbrigðan og vímulausan lífsstíl.
- Fræða nemendur um gildismat, ábyrgð og gagnkvæma virðingu.

1. Inngangur

Forvarnarstefna skólans er hluti af námskrá skólans og stefnu hans. Tilgangur með forvarnarstefnu er að stuðla að markvissri forvarnavinnu í Öldutúnsskóla í samvinnu við þá aðlila innan og utan skólans sem koma að málefnum sem flokkast til forvarna. Stefnunni er einnig ætlað að upplýsa um málefni forvarna í skólanum, að samræma leiðir

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

og stuðla að markvissri vinnu til að efla velferð nemenda og fjölskyldna þeirra. Stefnan er byggð upp með það leiðarljós að byggja upp einstaklinga sem velja að taka ákvarðanir um heilbrigðan og vímulausan lífsstíl.

Forvarnarvinna skólans byggir annars vegar á almennum altækum forvarnarverkefnum sem ná til allflestra þátta skólastarfsins og hins vegar á sértækum þáttum sem varða sérstök inngríp í samvinnu við heimilin og aðra aðila þegar nemendur fara út af sporinu. Forvarnir eru m.a. skipulagðar út frá niðurstöðum rannsókna og innra og ytra mats á skólastarfinu. Með hliðsjón af þeim er forvarnarstarfið endurskoðað ef þörf krefur.

Þessar rannsóknir eru:

- ? Árleg könnun um vímuefnanotkun unglinga í 9. og 10. bekk í Hafnarfirði - Rannsókn og greining
- ? Könnun sem lögð er árlega fyrir alla nemendur skólans frá 9 ára aldri vegna áætlunar og stefnumörkunar skólans gegn einelti og andfélagslegri hegðun.
- ? Grunnskólarýnir, sem er innra matstæki skólans. Sjá matsáætlun skólans.

Í skólanum starfar forvarnarteymi sem hefur það hlutverk að móta stefnu skólans í forvörnum, endurmeta reglulega ásamt því að fylgjast með því að unnið sé eftir forvarnarstefnunni. Í teyminu eru aðstoðarskólastjóri 1, námsráðgjafi, forstöðumaður Öldunnar og tveir fulltrúar kennara.

1.1 Samstarfsaðilar

- Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
- Forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar
- Foreldraráð og foreldrafélag Öldutúnsskóla
- Félagsþjónusta Hafnarfjarðar
- Íþróttá- og tómstundaráð Hafnarfjarðar
- Vinnuskóli Hafnarfjarðar – innherjaverkefni.
- Lögregla

Aðrir aðilar sem koma að fræðslu

- Lýðheilsustofnun
- Alnæmissamtökin
- Skátar og KFUM og K
- Kirkjan
- Rauði Krossinn
- Krabbameinsfélag Íslands
- Geðhjálp
- SAFT

2. Samvinna við heimilin

Öflugt samstarf foreldra og skóla hefur mikið forvarnargildi. Samstarfið þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu, trausti og ábyrgð.

Við skólann er starfandi foreldrafélag sem starfar eftir eigin lögum. Allir foreldrar og forráðamenn nemenda í Öldutúnsskóla eru félagar í Foreldrafélagi Öldutúnsskóla.

Félagið hefur aðstöðu í skólanum til fundarhalda og annarrar starfsemi. Ennfremur er starfandi foreldraráð sem hefur reglulega fundi með stjórnendum skólans. Skólinn þarf að

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

hafa frumkvæði að því að vekja áhuga foreldra á skólastarfi og nýta sér jafnframt þann kraft sem foreldrastarf hefur í för með sér. Þekking og gagnkvæmt traust milli heimila og skóla stuðlar að samstöðu og samábyrgð um heibrigðan lífsstíl, námsárangur og almenna velferð barnanna.

Markmið

Að foreldrar og skólafólkið eigi gagnkvæmt uppbyggilegt samstarf um líðan, nám og störf nemenda.

Leiðir/framkvæmd

Samstarfsverkefni heimila og skóla verði skilgreind og skjalfest í stefnu um samstarfið og stefnan birt í skólanámskrá.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi og tengsl milli foreldra og skólans verði skilgreint í skólanámskrá.

Stuðningur við foreldra um að halda útivistarreglur.

Fylgja markvisst eftir banni við neyslu hvers kyns vímuefna.

Foreldrasamtök studd við lögbundið hlutverk þeirra, m.a. með góðri upplýsingagjöf.

Fræðsla fyrir foreldra barna sem eru að byrja í grunnskóla.

Skólinn standi fyrir fræðslu fyrir forráðamenn unglunga í 9. og 10. bekk um námsefni fyrir samræmd próf.

Skólinn stuðli að fræðslustarfi fyrir aðstandendur nemenda um málefni varðandi velferð þeirra í samvinnu við samstarfsaðila sem taldir eru í inngangi.

Reglusemi í námi og öllu skólastarfi, útivist ungmenna og vímuefnalaus æska verði ætíð til umræðu á kynningarfundum umsjónarkennara í ungleingadeildum að hausti.

Foreldrum barna sem ekki hafa íslensku á valdi sínu verði sérstaklega séð fyrir upplýsingum um skólann.

Foreldrafélagið vinni við að efla samstöðu um að halda reglur um útivistartíma um áramót.

Foreldrarölt er skipulagt af stjórn foreldrafélagsins í samstarfi við forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Foreldraráð skipuleggur árlega vorhátíð í samstarfi við stjórnendur og starfsfólk skólans.

3. Samstarf við aðila sem vinna að málefnum barna og unglunga

Markmið

Auka skilvirkni og markvissa íhlutun allra þeirra sem að velferðarmálum barna koma í bæjarfélaginu

Leiðir

Reglulegir samstarfsfundir stjórnenda og námsráðgjafa með fulltrúum félagsþjónustu, lögreglu, ÍTH og félagsmiðstöðva. Þar er farið yfir stöðu unglingamála í bænum og þá sérstaklega hvað varðar Öldutúnsskóla.

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

Skólinn er í samstarfi við félagsþjónustu, félagsmiðstöð og forvarnarfulltrúa bæjarins um hópastarf fyrir unglunga sem eiga það sameiginlegt að daðra við óæskilega hegðun og/eða félagsskap.

Samstarf er við Foreldrahús, forvarnarfulltrúa og Regnbogabörn um hópastarf fyrir börn og unglunga sem eiga erfitt uppdráttar félagslega og þurfa sjálfsstyrkingu.

Skólinn hefur fengið Skólaskrifstofu, félagsþjónustu og lögreglu til samstarfs vegna stuðningshópa foreldra barna sem eru í áhættu.

Auk þess er skólinn í samstarfi við aðra þá aðila eða stofnanir sem koma að málefnum einstakra nemenda og taldir eru í köflunum hér á eftir.

3.1 PMT

(Parent Management Training) foreldrafærni.

Öldutúnsskóli hefur sent einn starfsmann á grunnnámskeið fyrir PMT sem er meðferðarúrræði ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika. Markmið PMT-foreldrafærni er að fyrirbyggja alvarlega hegðunarefniðleika hjá börnum með því að bregðast við vandanum á fyrstu stigum með PMT meðferð, PMT foreldranámskeiðum, gerð fræðsluefnis fyrir foreldra og þjálfun fagfólks í aðferðum PMT.

3.2 Forvarnarfulltrúi

Meginviðfangsefni forvarnarfulltrúa er að vinna að hvers konar forvörnum meðal barna og unglunga í Hafnarfirði. Hlutverk hans er að skipuleggja fræðslu og bregðast við einstökum málum sem snerta börn og unglunga. Forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar er skólanum til stuðnings og ráðgjafar en hann er ábyrgur fyrir að fylgja eftir forvarnarstefnu Hafnarfjarðarbæjar sem kemur fram á vefsíðu bæjarins. Mikil áhersla er lögð á öflugt samstarf við lögreglu, skóla, félagsmiðstöðvar, félagsþjónustuna og foreldrafélög í bænum.

3.3 Vinnuskóli Hafnarfjarðar

Innherjaverkefni

Árlega er sótt um í Innherjaverkefninu fyrir tvo til þrjú nemendur. Lögð er áhersla á nemendur sem erfitt eiga uppdráttar í hefðbundnu bóknámi en eru vinnu- og samviskusamir í þeim verkefnum sem þeir ráða við.

Sumarhópar

Skólinn er í samvinnu við Vinnuskólann og ÍTH um að mynda vinnuhópa með nemendum sem þarf sérstaklega að halda utan um.

3.4 Lögregla

- Samstarf foreldrafélags og lögreglu:
- Heimhringingar um áramót sem stuðla að reglusemi og samstöðu um útivistartíma.
- Standa saman um að koma jákvæðum boðskap til skila í fjölmiðla.
- Samvinna og upplýsingasteymi.

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

3.5 Félagsþjónusta Hafnarfjarðar

Skólinn hefur sérstakan tengilið innan félagsþjónustu Hafnarfjarðar og er hlutverk hans eftirfarandi:

- Sækja nemendaverndarráðsfundi reglulega
- Reglulegt samband og samstarf við námsráðgjafa og deildarstjóra sérkennslu.
- Veita ráðgjöf varðandi barnavernd og tilkynnigar til barnaverndaryfirvalda.
- Aðstoða skólann við að fylgja eftir tilteknum úrræðum sem unnið er að í samstarfi við félagsþjónustuna.
- Sitja fundi í skólanum með starfsfólki og foreldrum eftir þörfum.

3.6 Kirkjan

- Skólinn hefur tiltækar upplýsingar um þá þjónustu sem kirkjan veitir.
- Getur leitað aðstoðar presta kirkjunnar vegna áfalla.
- Er í samvinnu við kirkjuna vegna fermingarfræðslu.

4. Gegn einelti og andfélagslegri hegðun - Olweusaráætlunin

Skólinn er einn þeirra sem þátt taka í Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Þar sem sú áætlun nær til allra nemenda, foreldra og starfsmanna skólans má segja að hún sé ein og sér altæk forvarnarstefna. Áætlunin byggir á fjórum vinnureglum sem staðfest hefur verið að skili árangir gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Þessar vinnureglur einkennast af:

- Hlýlegu og jákvæðu viðmóti hinna fullorðnu.
- Ákveðnum og skýrum aðgerðum vegna óviðunandi hegðunar.
- Beitingu neikvæðra afleiðnga sem hvorki eru líkamlegar né óvinveittar við brot á reglum.
- Ákveðni og samstöðu hinna fullorðnu sem eru fyrirmyndir.

Markmið

Að auka þekkingu og meðvitund allra sem að skólastarfinu koma, um leiðir til að stöðva og koma í veg fyrir andfélagslega hegðun og einelti.

Að uppræta einelti og aðra félagslega útskúfun.

Leiðir

Umræðuhópar starfsmanna. Allir starfsmenn taka þátt í umræðuhópum sem hittast á tveggja vikna fresti fyrsta árið en síðar einu sinni í mánuði. Á þessum fundum fræðast starfsmenn um einelti, hinir ýmsu þættir verkefnisins eru ræddir auk þess sem fundirnir eru góður vettvangur þverfaglegs samstarfs innan skólans.

Gæsla. Sérstaklega er hugað að skipulagi gangavörslu og frímínútnagæslu, framkomu við nemendur, upplýsingagjöf, skráningu og samstarfi umsjónarkennara og annarra starfsmanna.

Bekkjarfundir. Sérstakir bekkjarfundir eru haldnir reglulega í hverjum bekk þar sem nemendum er kennt að leysa vandamál á lýðræðislegan og félagslegan hátt auk þess sem

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

nemendur eru þjálfaðir í að tjá eigin þarfir og tilfinningar. Með bekkjarfundum er einnig kallað fram opinbert viðhorf bekkjarins gegn einelti.

Bekkarreglur. Hver bekkur setur bekkjarreglur gegn einelti í þeim tilgangi að stansa og koma í veg fyrir einelti. Reglurnar eru ræddar við nemendur á bekkjarfundum.

Hlutverkaleikir. Á bekkjarfundum eru hlutverkaleikir notaðir til að auka upplifun og skilning nemenda á eineltisvandanum og hvetja þannig til virkra viðbragða. Þar fá nemendur tækifæri til að meta og prófa mismunandi lausnir í eineltisaðstæðum.

Foreldrasamstarf. Bæklingurinn Einelti meðal barna og unglunga. Ráðleggingar til foreldra fer inn á hvert heimili og er fylgt eftir með bréfi umsjónarkennara og foreldrafundum.

Einstaklingsmál. Nákvæmlega er farið í viðbrögð skólans í þeim eineltismálum sem upp koma. Lögð er áhersla á að vernda þolendur, viðtöl við gerendur, þolendur og við foreldra þeirra auk eftirfylgdar. Fyrir liggja eyðublöð sem nota á tilkynningar á einelti eða grun um einelti. Útfyllt eyðublaðið er varðveitt hjá námsráðgjafa og síðan vinnur umsjónarkennari úr málinu eftir þar til gerðum gátlista. Gátlistinn þjónar sem yfirlitsblað um þau úrræði sem gripið hefur verið til í einstökum málum og sýnir úrvinnsluframvindu þess. Eyðublöðin eru í standi á vinnuherbergi starfsmanna.

5. Nemendur

Í Öldutúnsskóla gildir sú almenna regla að hver og einn eigi rétt á því að vera frjáls og öruggur við nám og leik. Lögð er mikil áhersla á vellíðan nemenda, góð og jákvæð samskipti allra sem í skólanum starfa, barna sem fullorðinna.

Markmið

Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda þannig að þeir geti tekið ábyrga afstöðu til valkosta sem verða á vegi þeirra.

Að rækta heilbriggt viðhorf til hollra lífshátta.

Að efla ábyrgð nemenda gagnvart sjálfum sér og öllu umhverfi sínu.

Auka færni nemenda í námstækni og að skipuleggja tíma sinn vel.

Leiðir/framkvæmd

Að efla kennslu í lífsleikni, m.a. með endurskoðun lífsleik ninámskrár skólans og fræðslu fyrir starfsfólk .

Sett verði viðmið varðandi skólasókn og líðan.

Unnar verði skriflegar leiðbeiningar fyrir starfsmenn um móttöku nýrra nemenda í skólann.

Við móttöku nýrra nemenda sem ekki hafa íslensku á valdi sínu verði unnið eftir móttökuáætlun sem nýbúadeild bæjarins í Lækjarskóla hefur.

Stefnt verði að því að koma á árlegir geðræktarviku með fræðslu og verkefnum tengdum geðrækt.

Skákkennsla verði felld inn í námskrá skólans.

Aðstoð kennara við starfsemi nemendaráðs.

Reglulegir, bókaðir fundir skólastjóra og umsjónarkennara í unglingadeild með nemendaráði.

6. Félagslíf nemenda – félagsmiðstöðin Aldan

Gefa nemendum kost á þroskandi félagsstarfsemi og stuðla að aukinni þátttöku þeirra í þeirri starfsemi. Félagsmiðstöðin stendur fyrir markvissu fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beitir fjölbreyttum aðferðum til að auka líkur á árangri. Félagsmiðstöðin leggur áherslu á virkni nemenda og að allir fái sömu tækifæri.

Markmið

Vinna markvisst að því að fjölga þátttakendum í félagsstarfi þannig að allir unglingar fái tækifæri til að stunda hvers kyns áhugamál í samræmi við getu og áhuga.

Leiðir/framkvæmd

Að stuðla að jákvæðum samskiptum meðal unglínganna og örva félagsþroska þeirra með því að bjóða þeim þroskavænleg viðfangsefni á vegum félagsmiðstövarinnar.

Að ná til sem flestra. Beinast þá augun fyrst og fremst að þeim sem ekki njóta sín í annarri æskulýðs- og/eða íþróttastarfsemi.

Að bjóða upp á almenna fræðslu á ýmsu sem brennur á vörum unglínganna.

Að ná til unglínganna sem þarfnast sérstaks stuðnings.

Laga félagsstarfið að reglum um útivistartíma barna og unglínganna og hvetja foreldra til að virða reglur um útivistartíma.

Halda úti vefsíðu sem gefur góðar og tímanlegar upplýsingar um starfsemi Öldunnar.

Götuvitinn

Starfsfólk Öldunnar tekur virkan þátt í skipulagningu og starfi Götuvitans í nánú samstarfi við foreldrafélagið. Markmið þess starfs er fyrst og fremst að draga úr áhættu á að ungmenni stundi óæskilega hegðun. Einnig á Götuvitinn að vera hluti af því öryggisneti sem æskilegt er að sé til staðar þar sem unglíngar safnast saman. Starfsmenn vinna markvisst að því að afla upplýsinga og miðla þeim í vikomandi félagsmiðstöð/skóla til að tryggja skilvirgni í málefnum unglínganna og hópa. Foreldrafélagið tekur virkan þátt í að skipuleggja foreldraröltið í samstarfi við starfsmenn Götuvitans.

7. Samstarf innan skólans

7.1 Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Í nemendaverndarráði skólans eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjórar, deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, deildarstjóri sérdeildar og skólasálfræðingur. Nemendaverndarráð kemur saman vikulega á starfstíma skólans. Umsjónarkennarar mæta á fundi nemendaverndarráðs þegar fjallað er um mál þeirra nemenda.

7.2 Viðbrögð við áföllum

Við Öldutúnsskóla er starfandi áfallateymi og hlutverk þess er að bregðast við áföllum sem nemendur og starfsfólk verða fyrir, svo sem dauðsföllum í fjölskyldu, alvarlegum veikindum, sjálfsvígshótunum, slysum á skólatíma og afleiðingum náttúruhamfara. Áfallateymi skólans safnar saman og heldur utan um aðgengilegt fræðsluefni fyrir kennara og starfsmenn um viðbrögð við áföllum og alvarlegum veikindum auk þess að styðja við kennara í slíkum erfiðum aðstæðum.

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

Áfallateymi sér einnig um upplýsingaflæði til allra innan skólans sem tengjast nemanda sem verður fyrir áfalli og fylgist með að nemandinn fái allan þann stuðning sem mögulegt er að veita innan skólans.

7.3 Nemendur sem verða fyrir einelti

Við Öldutúnsskóla er starfandi ráðgefandi eineltisteymi. Hlutverk þess er að móta og fylgja eftir stefnu skólans í eineltismálum og það ferli sem fer af stað ef grunur um einelti á sér stað, sjá nánar á vefsíðu skólans. Teymið miðlar sérfræðipækkin gu og heldur saman upplýsingum. Safnar efni um eineltisfræðslu fyrir öll skólastigin og byggir upp gagnabanka fyrir kennara. Einnig er hægt að vísa erfiðum eineltismálum til teymisins sem aðstoðar umsjónarkennara við úrlausn þeirra.

7.4 Frímínútnagæsla

Áhersla er lögð á að samfella og samræmi sé í skipulagi og vinnuaðferðum frímínútnagæslu. Hver starfsmaður hefur eftirlit með ákveðnu svæði og fer ekki á milli mála hverjir eru á útivakt og hvar þeir eru.

7.5 Hjúkrunarfræðingur

Hlutverk hjúkrunarfræðings er að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari, klæðnaði, hreinlæti og aðbúnaði í skóla. Hjúkrunarfræðingur er í samvinnu við foreldra, skólalækni, kennara og annað starfsfólk skólans. Farið er með allar upplýsingar um nemendur sem trúnaðarmál. Heilsugæsla skólans heyrir undir Heilsugæsluna Sólvangi.

7.6 Sálfræðipjónusta

Sálfræðingur tekur að sér verkefni að undangenginni umfjöllun í nemendaverndarráði. Nemendaverndarráð er formlegur vettvangur til að ræða og ákveða til hvaða úrræða er gripið, ásamt forgangsröðun þeirra. Verkefni eru tekin fyrir samkvæmt tilvísunarferli. Engum nemanda er vísað til sálfræðings án samþykkis foreldra.

7.7 Námsráðgjöf

Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna í þeim málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Námsráðgjafinn er málsvari nemenda og trúnaðarmaður og leitar lausna í málum þeirra. Helstu verkefni námsráðgjafa eru:

- Perónulegur og félagslegur stuðningur við nemendur.
- Ráðgjöf og fræðsla um náms- og próftækni.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda.
- Móttaka nýrra nemenda.

Námsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

7.8 Sérkennsla

Við upphaf skólagöngu er reynt að greina þörf nemenda fyrir sérkennslu. Lögð er áhersla á samvinnu umsjónarkennara, sérkennara og foreldra þeirra barna sem njóta sérkennslu. Sérkennslan fer ýmist fram innan eða utan bekkjardeilda. Á grundvelli þessa ferils er í

Forvarnarstefna Öldtúnskóla

mörgum tilvikum byggð upp einstaklingsbundin námsáætlun. Auk samvinnu umsjónarkennara, sérkennara og annarra stuðningsaðila er lögð rík áhersla á samvinnu við foreldra.

7.9 Viðbrögð við grun um fíkniefnanotkun

Úrvinnsluferill vegna gruns um fíkniefnanotkun nemanda

Allt starfsfólk skólans er á verði gagnvart líðan nemenda og kemur upplýsingum umsvifalaust til skólastjóra ef grunsemdir vakna um notkun fíkniefna.

Þegar grunur vaknar um fíkniefnaneyslu nemanda er málið tekið fyrir á fundi nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um framhald málsins. Foreldrar/forráðamenn skulu upplýstir um slíkar grunsemdir í samvinnu við umsjónarkennara. Málið skal einnig rætt á samráðsfundi í hverfi.

Ef liggja fyrir staðfestar upplýsingar um neyslu fíkniefna boðar fulltrúi nemendaverndarráðs til fundar með foreldrum /forráðamönnum og umsjónarkennara þar sem foreldrar /forráðamenn eru upplýstir um neyslu nemandans og hvar hægt sé að leita aðstoðar. Þeim er jafnframt tilkynnt um framvindu máls innan skólans.

Ef um ítrekaða neyslu vímugjafa er að ræða tilkynnir skólastjóri barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið og óskar eftir fulltrúa barnaverndaryfirvalda á fund ásamt foreldrum/forráðamönnum og fulltrúum nemendaverndarráðs. Þar verður tekin ákvörðun um hvernig unnið verður með málið áfram.

8. Reglukerfi skólans

Skólareglur Öldtúnskóla eru byggðar upp með það að leiðarljósi að nemendur taki ábyrgð á framgöngu sinni. Lögð er áhersla á mikla samvinnu við foreldra um framkvæmd skólareglna. Þegar þeir misstíga sig og brjóta reglur skólans er þeim leiðbeint um það hvernig þeir geti bætt sig. Viðhaldið verði umhyggjusömu samfélagi í skólanum þar sem nemendur læra að bregðast við áreitum af yfirvegum og skynsemi.

Um fjöllun um reglur skólans s.s. reglur um fjarvistir, ferðalög, vinnureglur vegna slysa o.fl er að finna í skólahandbók Öldtúnskóla 2004-2005. Sjá einnig reglugerð Menntamálaráðuneytisins nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla.

Markmið

Að kenna nemendum að bera ábyrgð á framkomu sinni. Þeir læri ákveðnar leiðir til úrvinnslu vandamála sem upp koma og að setja sér markmið.

Leiðir

Starfsmönnum leiðbeint aðferðir góðrar bekkjarstjórnunar.

Starfsmenn fá góðar leiðbeiningar um leiðir til úrlausna og eftirfylgd á skólareglum.

Starfsmenn hafi aðgang að ráðgjöf hjá stjórnendum og námsráðgjafa um leiðir til úrlausna.

Kennarar fá fræðslu í viðtalstækni.

Kennarar og skólastjórar kynna reglurnar vel, ásamt leiðum til úrlausna fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans.

Við úrlausnir mála taki nemandinn, ásamt forráðamanni, fulla ábyrgð á úrlausnum og hvernig hann hyggst bæta sig.

9. Nám og fræðsla

Markmið

Unnið skal markvisst að því að hafa námsframboð í skólanum við hæfi hvers einstaklings þannig að sjálfsmynd hans styrkist. Stór hluti forvarnarfræðslu fer fram í lífsleiknitímum skólans en auk þess kallar skólinn til ýmsa þá er bjóða fram fræðslu við hæfi.

9.1 Maritافرæðsla

Fræðsla á vegum forvarnarfélagsins “Hættu áður en þú byrjar” er samstarfsverkefni Marita á Íslandi sem er forvarnarsvið Samhjálp, lögreglunnar og félagsþjónustunnar. *Sýndu sjálfstæði, segðu nei*, er fyrir nemendur í 8. bekk og foreldra þeirra. Markmið með fræðslunni er að mæta aukinni þörf fyrir fræðslu fyrir þennan aldurshóp. Að ræða við nemendur og gera þeim grein fyrir að sífellt yngri einstaklingar eru að ánetjast fíkniefnum. Að hver og einn ber ábyrg á sínu lífi.

Hættu áður en þú byrjar er fyrir nemendur í 9. bekk og foreldra þeirra. Markmiðið er að reyna að fá nemendur til að taka afstöðu gegn fíkniefnum og notkun þeirra. Börn og foreldrar þeirra eru hvött til að ræða um þessi mál sín á milli.

Eftirfylgd, er fyrir nemendur í 10. bekk og foreldra þeirra, eða þá nemendur sem hafa áður fengið fræðsluna “Hættu áður en þú byrjar”. Fjallað er um þau tímamót í lífi unglunga sem verða við lok grunnskóla, það að taka ákvarðanir fyrir lífið. Markmið fræðslunnar er að ræða um fíkiefni við foreldra og börn og um þá erfiðleika sem neysla getur valdið.

9.2 Kynfræðsla

“*Tölum saman*” er fræðsla um kynhegðun unglunga og hlutverk foreldra í kynfræðslu fyrir nemendur í 7. – 10. bekk og foreldra þeirra. Þrátt fyrir þá kynfræðslu sem nemendur fá í líffræði og lífsleikni kemur það alls ekki í staðinn fyrir þær umræður og skoðanaskipti sem nauðsynleg eru á heimilum. Að bera virðingu fyrir sjálfum sér er forsenda þess að geta borið virðingu fyrir öðrum. Að bera ábyrgð á sjálfum sér er forsenda þess að geta borið ábyrgð á öðrum. Meginumræðuefni fræðslunnar er: fjölmiðlar og kynfræðsla unglunga; kynhegðun og sjálfsmynd; staðreyndir um kynhegðun íslenskra unglunga; mikilvægi og hlutverk foreldra í kynfræðslu barna og unglunga – hvaða leiðir er hægt að fara.

9.3 Lífsleiknikennsla

Lífsleiknikennsla á að efla alhliða þroska nemandans svo hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Stefnt skal að viðfangsefnum er lúta að sjálfsþekkingu, samskiptum, sköpun og lífsstíl. Síðan er valið úr atriðum sem snúa að samfélaginu, umhverfinu, náttúru og menningu.

Markmiðum í lífsleikni verður ekki náð nema í samvinnu við foreldra. Skólanámsleiðir, ávana- og fíkniefni / forvarnir, verndun umhverfis, ábyrgð og skyldur samborgara / velferð, fjármál, slysavarnir, tómstundir og listiðkun. Kjarni færniþátta í lífsleikni er að kenna nemendum: Að taka ákvarðanir, að leysa mál, skapandi hugsun, gagnrýnin hugsun, góð tjáskipti, góð samskiptahæfni, sjálfsvitund, hæfileiki til að sýna samhygð, takast á við tilfinningar, takast á við álag og streitu.

Forvarnarstefna Öldutúnsskóla

Leiðir/framkvæmd

Kennsla í lífsleikni verði styrkt, m.a. með námskeiðum fyrir kennara og útvegum bestu námsgagna. Endurskoðun námskrár í lífsleikni fer fram skólaárið 2005 til 2006. Allir starfsmenn skólans eiga að starfa í þessum anda og vera meðvitaðir um markmið lífsleikni og þær leiðir sem skólinn velur að fara hverju sinni. Nemendur fá fræðslu um atvinnulíf.

Lífsleikni er kennd eina kennslustund á viku frá og með 1. bekk.

Áherslur í 1. til 3. bekk

Að nemendur læri leiðir til að efla samskiptafærni sína með samvinnu, sýna tillitssemi, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, setja sig í spor annarra, hlusta á aðra, sýna kurteisi og umburðarlyndi.

Áherslur í 4.-7. bekk

Námsgreinin lífsleikni á að efla alhliða þroska nemenda. Það felur m.a. í sér að nemendur geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Þeir efli félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Viti af hættum samfara neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Sjá námskrá skólans.

Áherslur í 8.-10. bekk

Í 8.-10. bekk er áherslan í lífsleikni á samskipti heima og heiman, persónuleg raunhæf markmið, setja sér mörk, skynjun á félagslegum aðstæðum, siðvit, ábyrgð og sjálfsþekking. Sjá námskrá skólans.

Unnið er út frá Olweusaráætluninni og ýmsum viðfangsefnum tengdum henni.

Nemendur og starfsfólk Öldutúnsskóla vinna að því að framfylgja umhverfissáttmála skólans. Skólinn hefur nú fengið Grænfánann til marks um að hafa unnið gott starf á sviði umhverfismála. Í því felst flokkun pappírs, ferna og ávaxtaúrgangs, orkusparnaður og aukin útivera.